

Ed.

106. Frumvarp til laga

[95. mál]

um breyting á leiklistarlögum nr. 33 12. maí 1977.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978.)

1. gr.

Liður IV. í 2. gr. laganna orðist svo: Til leiklistarstarfsemi áhugaleikfélaga.
Nýr liður (verður VI. liður) orðist svo: Til annarrar leiklistarstarfsemi.

Greinargerð.

Aðaltilgangur þessarar lagabreytingar er að taka af öll tvímæli um að rétt sé og skylt að fjárveitingar Alþingis nái bæði til tiltekinna atvinnuleikhúsa og til starfsemi áhugaleikfélaga, svo sem verið hefur um langa hríð, og einnig ýmiss konar annarrar leiklistarstarfsemi, svo sem til sjálfstæðra leikhópa, sem ýmist eru skipaðir atvinnuleikurum eða bæði atvinnu- og áhugaleikurum.

Með tilkomu Leiklistarskóla Íslands hefur ungum leikurum fjölgað til nokkurra muna, þannig að þeir geta eigi allir fengið störf í atvinnuleikhúsum eða á öðrum hliðstæðum vettvangi. Ýmsir sjálfstæðir leikhópar hafa því verið stofnaðir og fleiri munu í uppsiglingu, einkum fyrir forgöngu hinna ungu atvinnuleikara. Með samþykkt laga um Leiklistarskóla Íslands tók Alþingi á sig nokkrar skyldur gagnvart því unga fólki, sem útskrifast úr þessum skóla, og með þessu frv. er hugmyndin að reyna að skapa nokkra fjárhagslega möguleika til að fullnægja þeim skyldum, auk þess sem tilvist sjálfstæðra leikhópa ætti að auka fjölbreytni, nýjungar og tilraunir í íslenskri leiklistarstarfsemi.

Það var alltaf ætlun þeirra, er sömdu frv. til leiklistarlaga, að með þeim væri lögbundið að styrkja leikstörf af framangreindu tagi, og virðist það hugsanlegt innan ramma núgildandi laga. En þó hefur það verið vefengt og er frv. þessu ætlað að taka af allan hugsanlegan vafa í þessu efni.